

dómendurnir Bragi Þorsteinsson verkfræðingur og Skúli H. Norðdahl arkitekt.

**Dómsorð:**

Stefndi, dánarbú Atla Eiríkssonar, greiði stefnanda, Paul R. Smith, kr. 2.305.50 með 7% ársvöxtum frá 10. febrúar 1971 til greiðsludags og kr. 20.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 20. apríl 1976.

Nr. 73/1976. **Ákærvaldið**  
 gegn  
**Birni Pálssyni.**

**Dómendur:**

hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einasson og Þór Vilbjálmsson.

Kærumál. Sauðfjarbaðanir. Birting stjórnvaldsfyrirmæla. Sératkvæði.

**Dómur Hæstaréttar.**

Varnaraðili hefur með bréfi 24. mars 1976 kært til Hæstaréttar úrskurð sakadóms Húnavatnssýslu, uppkveðinn 23. mars s. á., en birtan 24. s. m. Kærugögn bárust Hæstarétti 29. mars s. á. Krefst varnaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur. Til vara krefst hann þess, að málinu verði vísað frá sakadómi, en til þrautavara, að málinu verði vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr rikissjóði.

Af hálfu ákærvalds og varnaraðilja voru lögð ýmis ný gögn fyrir Hæstarétt 2. og 12. apríl 1976.

Meðal nýrra gagna er afrit af bréfi landbúnaðarráðuneytisins 20. október 1975 til Páls A. Pálssonar yfirdýralæknis, svohljóðandi:

„Ráðuneytinu er kunnugt, að vart hefur orðið við fjár-

kláða í Húnavatnssýslum á síðastliðnum vetri. Auk þess hefur orðið talsvert vart við færilús í Húnavatnssýslu og í Skagafirði vestan vatna.

Að fengnum tillögum yðar og með fullu samþykki héraðsdýralækna í nefndum landshluta hefur ráðuneytið ákveðið, að tvíböðun skuli fara fram á sauðfé á vetri komanda frá Héraðsvötnum vestur að Miðfjarðargirðingu.

Felur ráðuneytið yður, herra yfirdýralæknir, að koma á og sjá um framkvæmd þessa“.

Þá hefur verið lagt fram ljósrit af svohljóðandi skjali, dagsettu 20. október 1975:

„Tilkynning frá landbúnaðarráðuneytinu.

Vegna fjárkláða, sem vart varð í Húnavatnssýslum á síðast liðnum vetri, hefur ráðuneytið, eftir tillögu yfirdýralæknis, ákveðið, að tvíböðun skuli fara fram nú í vetur á öllu sauðfé frá Héraðsvötnum í Skagafirði vestur að Miðfjarðargirðingu“. Á skjali þetta er ritað: „Lesist í útvarpi tvö kvöld í röð, 2svar“. Þá hefur verið lagt fram skjal sama efnis, dagsett 18. nóvember 1975. Á þetta skjal er einnig ritað: „Lesist í útvarpi tvö kvöld í röð 2svar á kvöldi“. Er ekki vefengt, að tilkynningar þessar hafi verið lesnar í útvarpi, en ekki eru gögn því til staðfestu. Ekki er fram komið, að þær hafi verið birtar með öðrum hætti.

Af gögnum máls má ráða, að undanþágur hafi verið veittar frá fyrirmælum ráðuneytisins um tvíböðun sauðfjár á svæði því, sem greinir í áðurgreindri tilkynningu frá landbúnaðarráðuneytinu. Varnaraðili skýrði svo frá fyrir sakadómi 18. mars 1976, „að hann hafi heyrt, að baða ætti tvisvar milli Hrútafjarðar og Héraðsvatna, og svo heyrt um undanþágu milli Héraðsvatna og Blöndu, en vissi ekki um frekari undanþágu“. Ekki kemur fram, hvar eða hvenær varnaraðili hafi „heyrt“ þetta. Meðal gagna máls er endurrit af fundargerð frá fundi hreppsnefndarmanna úr Blönduóss-, Torfalækjar-, Svínavatns, Ás- og Sveinsstaðahreppi. Fundur þessi var haldinn 6. janúar 1976, og var þar rætt um böðun sauðfjár. Í fundargerð þessari kemur fram, að undanþágur hafi verið veittar frá tvíböðun „á svæðinu milli Héraðsvatna og Mið-

fjarðargirðingar“. Ekki kemur fram af gögnum máls, hversu víðtækar þessar undanþágur hafi verið né hver hafi veitt þær.

Í 2. gr. laga nr. 23/1959 um sauðfjárbaðanir segir, að verði fjárkláða eða annarra óþrifa vart í sauðfé, skuli landbúnaðarráðherra heimilt, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, að fyrirskipa aukaskoðun fjár og útrýmingarböðun. Ekki hafa lögin að geyma ákvæði um það, með hverjum hætti þessi fyrirskipun skuli birt. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 64/1943 skal birta í Lögbirtingablaði ýmsar nánar tilgreindar auglýsingar og „annað það, sem stjórnvöldum þykir rétt að birta almenn- ingi“. Fyrirmæli landbúnaðarráðherra um tvíböðun sauðfjár vörðuðu alla umráðamenn sauðfjár í tilteknum landshluta. Brot gegn fyrirmælum þessum gat varðað refsingu samkvæmt 9. gr. laga nr. 23/1959 og sjálfstökuúrræðum stjórnvalda samkvæmt 8. gr. sömu laga. Verður því að telja, að tilkynningu um fyrirmælin hafi átt að birta í Lögbirtingablaði. Þá þykir ljóst af því, sem að framan er rakið, að ekki hafi verið sýnd mikil festa við framkvæmd fyrirmæla landbúnaðarráðherra og mismunandi reglur gilt um böðun sauðfjár á því svæði, sem þau tóku til. Þykja ekki, eins og hér stendur á, vera fyrir hendi skilyrði til að beita gegn varnaraðilja valdbeitingarákvæðum 8. gr. laga nr. 23/1959, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 27/1963, sbr. nú 1. gr. reglugerðar nr. 64/1976, en reglugerðir þessar eru settar samkvæmt heimild í 8. gr. nefndra laga. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Það athugast, að ákvörðun um böðun fjárins bar ekki undir sýslumann sem héraðsdómara, heldur sem lögreglustjóra, er jafnframt skyldi sjá um framkvæmd verksins samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 27/1963, sbr. nú 1. gr. reglugerðar nr. 64/1976. Var því óþarft að kveða á um framkvæmdina með dómsúrskurði.

#### D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

## S é r a t k v æ ð i

hæstaréttardómaranna Magnúsar Þ. Torfasonar og  
Þórs Vilhjálmssonar.

Í 1. gr. laga nr. 23/1959 eru ákvæði um skyldu eigenda og umráðamanna sauðfjár til þess almennt að baða sauðfé á tilteknum tíma, en í 2. gr. sömu laga er jafnframt mælt fyrir um sérstakar sauðfjárbaðanir, svonefndar útrýmingarbaðanir (tvíbaðanir). Segir svo um þetta í síðastgreindu ákvæði, að ef fjárkláða verði vart eða annarra óþrifa á sauðfé, skuli landbúnaðarráðherra heimilt, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, að fyrirskipa aukaskoðun fjár og útrýmingarhöðun.

Með bréfi 13. október 1975 lagði Páll A. Pálsson yfirdýralæknir til við landbúnaðarráðuneytið, að fyrirskipuð yrði tvíhöðun sauðfjár veturinn 1975—1976 á svæðinu frá Héraðsvötnum vestur að Miðfjarðargirðingu, en á því svæði hefði orðið vart fjárkláða. Í samræmi við þetta tilkynnti ráðuneytið yfirdýralækni 20. s. m., að það hefði ákveðið í samráði við héraðsdýralækna, að tvíhöðun skyldi fara fram um veturinn á ofangreindu svæði. Tilkynningu þessa efnis sendi ráðuneytið Ríkisútvarpinu til birtingar sama dag og aftur 18. nóvember 1975. Verður við það að miða, að sú birting hafi farið fram, en ekki er komið fram, að fyrirælin hafi verið birt með öðrum hætti.

Með bréfi 2. mars 1976 kærði héraðsdýralæknirinn á Blönduósi, Sigurður H. Pétursson, en hann er eftirlitsmaður með sauðfjársöðunum í héraði sínu samkvæmt 3. gr. laga nr. 23/1956, yfir því til sýslumanns Húnavatnssýslu, að varnaraðili, sem baðað hefði sauðfé sitt einu sinni, teldi sig ekki hafa tök á að baða öðru sinni, eins og fyrirskipað hefði verið. Hefði varnaraðili tjáð þetta Hauki Pálssyni, sem skipaður hefði verið baðstjóri hjá varnaraðilja, sbr. 1. mgr. 4. gr. áður- nefndra laga. Með bréfi 10. s. m. skoraði sýslumaður á varnaraðilja, að hann baðaði fé sitt síðari höðun, en ella yrði féð baðað á hans kostnað, en í 8. gr. reglugerðar nr. 27/1963, sem sett er samkvæmt heimild í 8. gr. laga nr. 23/1959, er sýslumanni veitt vald til að gera slíka ráðstöfun í samráði

við eftirlitsmann með fjárböðunum. Þessari áskorun sýslumanns mótmælti varnaraðili í bréfi 13. s. m., og taldi hann, að umrædd ráðstöfun yrði ekki gerð án dómsúrskurðar. Tók sýslumaður því næst málið fyrir í sakadómj 18. s. m. og kvað upp hinn kærða úrskurð 23. s. m.

Fyrirmæli landbúnaðarráðuneytis um tvíböðun á ofangreindu svæði voru gefin að fengnum tillögum yfirdýralæknis, svo sem 2. gr. laga nr. 23/1959 áskilur, og voru í samræmi við þær. Í bréfum yfirdýralæknis til landbúnaðarráðuneytis, dags. 22. september 1975 og 13. október 1975, er þess getið, að fjárkláða hafi orðið vart í Húnavatnssýslu, og þykir það ekki eiga að valda ógildi fyrirsmæla ráðuneytisins eins og á stendur, að ekki virðist hafa verið gerð sérstök kláðaskoðun á svæðinu.

Í þinghaldi í sakadómi 18. mars sl. var bókað eftir varnaraðilja, að hann hefði „heyrt, að það ætti tvisvar milli Hrutafjarðar og Héraðsvatna“. Verður við það að miða, að varnaraðilja hafi verið kunn framangreind fyrirsmæli, og verður hann að hlíta því, að niðurlagsákvæði 8. gr. laga nr. 23/1959 verði beitt gagnvart honum. Breyta ákvæði 7. gr. laga nr. 64/1943 þessu ekki, enda var eigi skylt að birta fyrirsmælin, sem varða einstaka, tímabundna sóttvarnaraðgerð, á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í því lagaákvæði.

Böðun sauðfjár, sem sýslumanni ber að annast um, að fram fari samkvæmt 8. gr. laga nr. 23/1959, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 27/1963, er lögmælt sjálftökuúrræði yfirvalds. Var því ekki efni til að kveða á um það með dómsúrskurði, að sauðfjárböðun skyldi fara fram hjá varnaraðilja og um greiðslu kostnaðar af henni, svo sem gert var, en sýslumaður hafði sem valdsmaður þegar mælt fyrir um það efni í bréfi til varnaraðilja, dags. 10. mars sl., svo sem fyrr var sagt.

Eðlilegast er að líta svo á, að fjárböðun samkvæmt nefndum ákvæðum fari fram hjá hlutaðeigandi fjáreiganda og með þeim böðunartækjum, sem honum er lögskilytt að hafa samkvæmt 3. mgr. 1. gr. laganna, sbr. einnig 2. mgr. 1. gr. tilvitnaðrar reglugerðar. Er og kveðið fortakslaut á um þetta í 2. mgr. 1 gr. reglugerðar nr. 64 16. mars 1976. Heimilt

var þó að kveða á um þetta efni með dómsúrskurði til að taka af öll tvímæli um heimild böðunarmanna til aðgangs að fjárhúsum varnaraðilja, þegar varnaraðili mótmælti þessu. Þykir því mega staðfesta hinn kærða úrskurð að þessu leyti. Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

### D ó m s o r o :

Ákvæði hins kærða úrskurðar um heimild til umferðar um land varnaraðilja, Björns Pálssonar, og um afnot fénaðarhúsa og böðunaraðstöðu vegna framangreindrar fjárböðunar hjá honum eiga að vera óröskuð.

### Úrskurður sakadóms Húnavatnssýslu 23. mars 1976.

Ár 1976, þriðjudaginn 23. mars. kl. 1030 var sakadómur Húnavatnssýslu settur í skrifstofu sýslunnar á Blönduósi og haldinn af sýslumanni Jóni Ísberg við undirritaða votta. Fyrir var tekið málið nr. 11/1976: Neitun Björns Pálssonar bónda, Ytri-Löngumýri, að tvíbaða sauðfé sitt.

Til staðar í dómnum eru skjöl málsins nr. 1—6, lögð fram í sakadómi 18. þ. m. Í þeim kemur fram, að kærði, Björn Pálsson bóndi, Ytri-Löngumýri, baðaði fé sitt dagana 18., 19. og 20. febr. sl., en hefur ekki baðað aftur, eins og ákveðið hafði verið, og kærði viðurkennir fyrir sakadómi 18. þ. m. að hafa vitað, að baða ætti tvisvar milli Blöndu og Miðfjarðargirðingar.

Þá neitaði hann að svara ítrekuðum spurningum dómarans um, hvort hann hygðist baða sauðfé sitt aftur. Eða orðrétt eftir honum haft: „Svara því engu, hefi enga ákvörðun um það tekið“. Kærði neitaði dómaranum og dýralækni um að fara í húsinn og skoða baðaðstöðuna og kvaðst þekkja aðstæður allar.

Í máli þessu liggur fyrir, að kærði, Björn Pálsson bóndi, Ytri-Löngumýri, vissi, að tvíbaða á sauðfé allt milli Blöndu og Miðfjarðargirðingar. Hann baðar fé sitt 18., 19. og 20. febrúar og átti því að vera búinn að baða öðru sinni. Það hefur hann ekki gert, a. m. k. ekki á lögformlegan hátt, þ. e. með baðstjóra. Nú leikur enginn vafi á því, að kærði er skyldur að baða sauðfé sitt tvisvar nú í vetur og þar sem 15. mars er liðinn, en eftir þann tíma á sauðfjárböðunum að vera lokið og um enga undanþágu fyrir hann hefur verið að ræða, þá er liðinn sá frestur, sem lögin um sauðfjárbaðanir heimila. Því verður að kveða á um það, hvort

baða eigi með valdi fé kærða eða ekki. Með tilvísun til laga nr. 23 frá 27. apríl 1959, 1. gr. og 8. gr., samanber 8. gr. reglugerðar nr. 27 frá 20. mars 1963 og reglugerð nr. 64 frá 16. mars 1976, þá úrskurðast hér með, að heimilt skuli að baða sauðfé kærða, Björns Pálssonar, Ytri-Löngumýri, að tveimur dögum liðnum frá birtingu úrskurðar þessa, hafi hann ekki þegar baðað eða gert ráðstafanir til seinni böðunar.

Enn fremur úrskurðast skv. heimild í tilvitnuðum lögum og reglugerðum, að skipaður baðstjóri og menn þeir, sem fengnir verða til þess að baða, hafi rétt til þess að fara um öll fénaðarhús og land á Ytri-Löngumýri, nota baðaðstöðu þar og vatn eftir þörfum. Þá hafa þeir heimild til þess að færa allt sauðfé, sem á jörðinni er, til böðunar, hvort sem það er á húsi eða er í haga.

Kostnað allan, sem af böðun þessari verður, ber kærða að greiða, þar með talinn flutningskostnað og fæðiskostnað þeirra, sem við böðunina vinna, svo og allan kostnað, sem leiða kann af því, að kærði eða menn á hans vegum reyna á einn eða annan hátt að hindra böðun fjárins.

#### Ályktunarorð:

Heimilt er að baða allt sauðfé á Ytri-Löngumýri án samþykkis eiganda. Þeim, sem baða, er heimil afnot baðaðstöðu og frjáls umferð um land og fénaðarhús jarðarinnar.

Kærði, Björn Pálsson, beri allan kostnað af væntanlegri valdböðun sauðfjár hans.

---